

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð

Ár 2020, fimmtudaginn 19. nóvember var haldinn sameiginlegur fundur, 47. fundur menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs, 40. fundur ofbeldisvarnarnefndar, 28. fundur mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í fjarfundi og hófst kl. 14.00. Eftirtaldir fulltrúar menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði: Hjálmar Sveinsson, Pawel Bartoszek, Líf Magneudóttir varamaður fyrir Elínu Oddnýju Sigurðardóttur, Ellen J. Calmon, Katrín Atladóttir, Baldur Borgþórsson og Ólafur Kr. Guðmundsson varamaður fyrir Jórunni Pálu Jónasdóttur. Einnig sátu fundinn með fjarfundabúnaði áheyrnarfulltrúi menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs og starfsfólk: Frímann Ari Ferdinandsson áheyrnarfulltrúi, Arna Kristín Sigfúsdóttir verkefnisstjóri og Huld Ingimarsdóttir skrifstofustjóri fjármála og rekstrar á menningar- og ferðamálasviði. Einnig sat fundinn Ómar Einarsson sviðsstjóri, Helga Björnsdóttir og Steinþór Einarsson skrifstofustjórar íþróttar- og tómstundasviðs. Eftirtaldir fulltrúar ofbeldisvarnarnefndar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Heiða Björg Hilmisdóttir, Diljá Ámundadóttir Zoëga, Órn Þórðarson og I. Jenný Ingudóttir. Eftirtaldir fulltrúar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði: Dóra Björt Guðjónsdóttir, Geir Finnsson, Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, Þór Elís Pálsson, Daniél Örn Arnarsson og Skúli Helgason. Einnig sátu fundinn Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri og Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir jafnréttisráðgjafi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Elísabet Pétursdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á jafnréttisúttekt Reykjavíkurborgar á þemur hverfisíþróttafélögum í Reykjavík.

Fulltrúar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, ofbeldisvarnarnefndar og fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins, Samfylkingar, Viðreisnar og Vinstri grænna, í menningar-, íþróttar- og tómstundaráði, leggja fram svohljóðandi bókun:

Við bökkum greinargóða kynningu á iafnréttisúttekt í bremur hverfisíþróttafélögum. Lióst er að íþróttafélögini eru að gera margt gott er varðar iafnréttismál en bað má einnig gera betur er varðar hinsegin fræðslu, búningsklefa fyrir fatlað fólk og stuðla enn frekar að fiölgun í hópi iðkenda sem eru með annað móðurmál en íslensku. Þá burfa félögini að huga sérstaklega að bví að iafna kvnjahlutföll í stiðnum og hópi starfsfólks en bar hallar mikið á konur. Þá er hvatt til að félögini auki sýnileika iafnréttisáætlana og trvægi að unnið sé eftir beim. Við vilum hvetia íþróttafélögini til að biggja aðstoð mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu við gerð iafnréttisáætlunar og leggjum til að öll íþróttafélög fái hinsegin fræðslu fyrir þjálfara og starfsmenn sína.

Halldóra Gunnarsdóttir, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Fram fer kynning á #Metoo. Kynferðislegt ofbeldi og kynferðisleg áreitni í íþróttum. Forvarnir, viðbrögð og verkferlar.

Fulltrúar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, ofbeldisvarnarnefndar og fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins, Samfylkingar, Viðreisnar og Vinstri grænna, í menningar-, íþróttar- og tómstundaráði, leggja fram svohljóðandi bókun:

Við fögnum nýútkomnum bæklingi ÍBR sem ber heitið "Kvnferðislegt ofbeldi kynferðisleg áreitni í íþróttum. Forvarnir, viðbrögð og verkferlar" og bökkum góða kynningu. Parna er um mikilvægt leiðbeiningarit að ræða er varðar forvarnir, viðbrögð og verkferla fyrir öll þau sem starfa með börnum og ungmennum innan

íþróttahreyfingarinnar, bar með talið hvert skal leita þegar slík mál koma upp. Vonast er til að bæklingurinn fái góða kynningu og dreifingu en hann ætti einnig að geta gagnast starfsfólki í skóla- og frístundastarfi.

Jóna Hildur Bjarnadóttir og Birta Björnsdóttir, Íþróttabandalagi Reykjavíkur taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

3. Fram fer kynning á fyrstu niðurstöðum úr viðhorfskönnun - Hinsegis fólk og þátttaka í íþróttum.

Fulltrúar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, ofbeldisvarnarnefndar og fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins, Samfylkingar, Viðreisnar og Vinstri grænna, í menningar-, íþrótt- og tómstundaráði, leggja fram svohljóðandi bókun:

Niðurstöður könnunar um hinsegis fólk og báttöku beirra í íþróttum sýna skvört fram á mikilvægi upplýstrar umræðu og fræðslu. Allir nióta góðs af fræðslu og bó hún dugi ekki ein og sér til að valda straumhvörfum hefur hún veigamikil, jákvæð áhrif á ýmiss konar hópa sem mætti taka betur á móti í íþróttastarfi.

- Kl. 15.00 víkur Sigríður Arndís Jóhannsdóttir af fundinum og Þorkell Heiðarsson tekur sæti með fjarfundabúnaði.

Svandís Anna Sigurðardóttir, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs og ofbeldisvarnarnefndar, um vitundarvakningará tak gegn fordóum, áreitni og ofbeldi:

Lagt er til að vorið 2021 verði helgað vitundarvakningará taki á starfsstöðvum borgarinnar til þess að starfsfólk og borgarbúar upplifi að öll séu velkomín á þjónustustofnanir og starfsstöðvar Reykjavíkurborgar. Átakið verði unnið í samvinnu við öll svið borgarinnar, með markvissri fræðslu, auglýsingum og veggspjöldum á þjónustustofnum borgarinnar gegn fordóum, áreitni og ofbeldi. Að auki með yfirferð verklagsreglna og starfsaðferða með tilliti til þess að valdefla starfsfólk til þess að kljást með besta móti við krefjandi aðstæður sem upp geta komið með það fyrir sjónum að hafa upplifun af þjónustuveitingu borgarinnar og borginni sem starfsstað sem ánægjulegasta. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, íþrótt- og tómstundasviði og mannaúðs- og starfsumhverfissviði er falið að móta átakið í samráði við önnur svið borgarinnar með aðkomu þeirra hagsmunasamtaka helstu hópa sem upplifað hafa fordóma í sinn garð. Um verkefnið verði skipaður sérstakur starfshópur sem geri áætlun um framkvæmdina og fylgi henni eftir.

Greinargerð fylgir tillögunni. R20100061
Samþykkt.

- Kl. 15.49 víkur Líf Magneudóttir af fundinum.

Fundi slitið kl. 16.00